

verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Þá á einnig samkvæmt 9. gr. laga nr. 70 frá 31. des. 1937 að gera upptækan þann ágóða, sem ranglega er fenginn með of hárrí álagningu, og ber því samkvæmt framansögðu að dæma kærða til að greiða til rikissjóðs upphæð, sem nemur ágóða þeim, sem hefir fengizt við að farið var fram úr lögheimilli álagningu á nefndu húsgagnaáklæði, og er það samkvæmt framansögðu kr. 1565.51.

Loks ber að dæma kærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, hrm. Eggerts Claessen, kr. 100.00.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Óli Vernharð Metúsalemsson, greiði 800 króna sekt til rikissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 40 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ólöglegur ágóði, kr. 1565.51, skal upptækur, og greiði kærði hann inn 15 sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrm. Eggerts Claessen, kr. 100.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 21. október 1940.

Kærumál nr. 7/1940. Þorvaldur Sigurðsson
gegn

Magnúsi Þorsteinssyni.

Endurupptaka.

Dómur hæstaréttar.

Í kærumáli þessu, sem hæstarétti var sent með bréfi lögmanns frá 11. þ. m. og hingað komnu 12. s. m., hefir sóknaraðili hér fyrir dómi krafizt þess, að úrskurður í bæjarþingsmálinu nr. 320/1940:

Þorvaldur Sigurðsson gegn Magnúsi Þorsteinssyni, kveðinn upp af Birni Þórðarson lögmanni, verði úr gildi felldur, og að varnaraðili verði dæmdur til þess að greiða kostnað af kærumálinu að skaðlausu.

Varnaraðili hefir hvorki sent hæstarétti greinargerð um málið né gert kröfur í því.

Sóknaraðili hefir að vísu viðurkennt, að varnaraðili hafi verið fjarvistum úr Reykjavíkurbæ þann 5. september þ. á., er mál þetta var þingfest, en gegn mótmælum sóknaraðilja er ósannað, að varnaraðili hafi verið bundinn nokkrum þeim nauðsynjum, er í 9. gr. sbr. 4. málsg. 118. laga nr. 85/1936 greinir. Endurupptöku máls þessa mátti því ekki byggja á ákvæðum 118. gr. sömu laga. Endurupptaka til hagsmuna varnaraðilja mátti ekki heldur byggja á því í þessu máli, að það væri ekki nægilega skýrt, með því að hann sótti ekki þing, og nauðsynjar voru hvorki sannaðar né sennilegar gerðar. Endurupptaka á þeim grundvelli til hagsmuna sóknaraðilja hefir ef til vill verið heimil samkvæmt 120. gr. téðra laga, en hún veitir varnaraðilja engan rétt til hluttöku í meðferð málsins gegn mótmælum sóknaraðilja.

Samkvæmt því, er nú var sagt, verður að fella bæjarþingsúrskurðinn úr gildi og dæma varnaraðilja til þess að greiða sóknaraðilja 70 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsúrskurðurinn er úr gildi felldur.

Varnaraðili, Magnús Þorsteinsson, greiði sóknaraðilja, Þorvaldi Sigurðssyni, 70 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 3. október 1940.

Mál þetta var þingfest hér fyrir rétti þann 5. f. m. Mætti stefndur þá ekki né nokkur af hans hálfu, en stefnandi tók viku frest til málsútlitunar. Við fyrirtekt málsins þann 12. f. m. mætti stefndur ekki heldur né neinn af hans hálfu, og var málið þá tekið til dóms skv. kröfu stefnanda.

Með heiðni dags. 23. f. m. fór stefnandi þess á leit, að mál þetta yrði tekið upp að nýju skv. heimild í 118. gr. einkamálalaganna. Kvaðst stefndur hafa verið forfallaður, er málið skyldi þingfest, og hefði hann ekki getað komið því við að mæta í málinu eða láta mæta fyrir sig.

Það er upplýst með framlögðu vottorði, enda óvæfengt, að stefndur var fjarverandi úr bænum þann 4. og 5. sept. s. l. Stefnandi hefir samt mótmælt endurupptöku málsins, þar sem hann telur, að stefndur muni hafa átt þess kost, að senda hæfan umboðsmann í sinn stað.

Með tilliti til nefndrar fjarvistar stefnds, er telja verður að skapi líkur fyrir staðhæfingum hans að þessu leyti, þykir þó vera um forföll af hans hálfu að ræða. Og þar sem auk þess virðist talsvert skorta á upplýsingar í málinu, þykir eftir atvikum rétt að heimila endurupptöku þess.

Því úrskurðast:

Framangreint mál skal endurupptekið.

Miðvikudaginn 23. október 1940.

Nr. 90/1940: Eimskipafélagið Ísafold h/f

(Einar B. Guðmundsson)

gegn

Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f

(Theódór B. Lindal).

Varadómari próf. Ísleifur Árnason í stað
hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Deila um loforð um vátryggingu.

Dómur hæstaréttar.

Björn Þórðarson lögmaður hefir kveðið upp héraðsdóminn.